

# Greinargerð formanna vegna sameiningar FÍF, Fræðagarðs og SBU í stéttarfélagið Visku

Fylgiskjal með samkomulagi undirritað 16. október 2023

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Aðdragandi sameiningar .....	3
FÍF, Fræðagarður og SBU .....	3
Sameiginlegur rekstur síðan 1999 – frá Huggarði til FHS.....	3
Sameiningarviðræður FÍF, Fræðagarðs og SBU 2023.....	4
Norrænar fyrirmyndir .....	5
Skipulag sameiningarviðræðna .....	5
Fjármál .....	5
Skipurit .....	6
Framkvæmdarhópur .....	6
Hópur um fjármál.....	7
Hópur um lög og stefnu .....	7
Hópur um ásýnd og kynningarmál .....	8
Hópur um þjónustu og félagsgæði.....	9
Tímalína sameiningarviðræðna.....	9
Framkvæmd sameiningar .....	12
Skipulag og starfsemi Visku fyrsta árið .....	13
Réttindi félagsfólks.....	13
Starfsemi nýs félags .....	14
Starfsstjórn.....	14
Verkefni sem bíða stjórnar nýs félags.....	14
Ytri stefnumótun.....	14
Innri stefnumótun.....	14
Framtíðarhúsnæði.....	15
Þjónusta, samskipti og samstarf .....	15
Mótun kjaradeilda, faghópa og fulltrúaráðs.....	15
Starfs- og verklagsreglur .....	15



## Inngangur

Þetta er greinargerð formanna Félags íslenskra félagsvísindamanna, Fræðagarðs og Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga lögð fyrir aukaaðalfundi félaganna árið 2023 ásamt tillögu þess efnis að sameinast í stéttarfélagið Visku. Í greinargerðinni er sagt frá aðdraganda og framkvæmd sameiningarviðræðna þessara þriggja stéttarféлага og stofnun stéttarfélagsins Visku.

Greinargerðinni er ætlað að vera félagsfólki til upplýsingar um framkvæmd sameiningarviðræðna, réttindi þeirra í sameinuðu félagi og áætlanir um starfsemi næstu misseri.

Það er enn fremur ósk formanna að greinargerðin reynist gagnleg þeim stéttarfélögum sem íhuga að sameinast, að sá lærdómur sem við höfum aflað okkur í þessu ferli verði verkalýðshreyfingunni allri til heilla.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir  
formaður Fræðagarðs

Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar  
formaður Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga

Kristmundur Ólafsson  
formaður Félags íslenskra félagsvísindamanna

## Aðdragandi sameiningar

Á Íslandi eru um 257 þúsund manns á vinnualdri og um 208 þúsund manns eru á vinnumarkaði. Fjögur heildarsamtök stéttarféлага eru starfandi á Íslandi, ASÍ, BHM, BSRB og KÍ, og innan þeirra eru 103 stéttarfélög með um 185 þúsund félagsmenn eða að jafnaði um 1.800 félagsmenn í hverju félagi. 40 stéttarfélög starfa utan heildarsamtaka með um 23 þúsund félagsmenn, að jafnaði um 600 félagsmenn í hverju félagi. Samtals eru því um 1.450 félagsmenn að jafnaði í 143 stéttarfélögum. Stéttarfélög á Íslandi eru því að jafnaði fremur fámenn og kraftur þeirra því takmarkaður.

Þetta er ólíkt stöðunni á hinum Norðurlöndunum. Sem dæmi er hægt að líta til Danmerkur. Þar eru um 3,7 milljónir manna á vinnumarkaði, ríflega 14 sinnum fleiri en hér á landi. Þar eru um 1,9 milljónir manna í 112 stéttarfélögum, að jafnaði um 16.700 félagsmenn í hverju félagi eða ríflega 11 sinnum fleiri en hér á landi. Athygli vekur að þrátt fyrir að fjöldi fólks á vinnumarkaði í Danmörku sé fjórtán sinnum stærri en hér á landi eru færri stéttarfélög starfandi þar en á Íslandi.

330 kjarasamningar eru í gildi á Íslandi og að jafnaði eru 6–7 þúsund félagsmenn á bak við hvern samning en mikill breytileiki er í stærðum samninga, allt frá einum félagsmanni upp í 34 þúsund félagsmenn. Ríflega helmingur allra kjarasamninga nær aðeins til um 100 félagsmanna. Aðeins fjórir kjarasamningar ná til fleiri en 5.000 manns.

Það er mat stjórna Félags íslenskra félagsvísindamanna (FÍF), Fræðagarðs og Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga (SBU) að með því að sameinast í stéttarfélagið Visku tryggjum við bættu samningsstöðu félagsfólks, stóreflda þjónustu við félagsfólk og sterkari rödd í samfélagsumræðunni. Sameinuð getum við betur unnið að hagsmunum félagsfólks heldur en sundruð.

## FÍF, Fræðagarður og SBU

Félag íslenskra félagsvísindamanna (FÍF), Fræðagarður og Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga (SBU) eru stéttarfélög á opinberum og almennum vinnumarkaði sem starfa samkvæmt lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og samkvæmt lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Félagssvæði þeirra er allt landið.

Félögin eru öll aðildarfélög í BHM og hafa rekið saman Þjónustuskrifstofu FHS, ásamt Félagi háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins (FHSS) og Stéttarfélagi lögfræðinga (SL), í hartnær aldarfjórðung. Félögin hafa því deilt starfsfólki og starfsaðstöðu til margra ára og unnið í nánu samstarfi í kjaraviðræðum.

## Sameiginlegur rekstur síðan 1999 – frá Huggarði til FHS

Félag íslenskra félagsvísindamanna (FÍF), Fræðagarður og Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga (SBU) hafa rekið saman Þjónustuskrifstofu síðasta aldarfjórðunginn sem nú gengur undir nafninu Þjónustuskrifstofa FHS.

Þjónustuskrifstofa FHS á rætur sínar að rekja til ársins 1999 þegar Félag íslenskra félagsvísindamanna, Félag íslenskra fræða – kjaradeild, Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga, Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga og Útgarður stofnuðu saman skrifstofu sem var fyrst kölluð Þjónustuskrifstofa BHM félaga og fékk árið 2003 nafnið Huggarður. Árið 2004 gekk Stéttarfélag lögfræðinga inn í Huggarð og voru þá félögin orðin sex á skrifstofunni. Þeim fækkaði svo aftur í fimm árið 2008 þegar Félag íslenskra fræða – kjaradeild og Útgarður sameinuðust í stéttarfélagið Fræðagarð sem tók áfram þátt í starfi skrifstofunnar.

Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga gekk út úr skrifstofunni í árslok 2012 og þá var Huggarður formlega lagður niður. Þau fjögur félög sem eftir voru innan skrifstofunnar stofnuðu þá saman Þjónustuskrifstofu FFSS (sem stóð fyrir FÍF, Fræðagarð, SBU og SL). Vorið 2013 gerði Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins (FHSS) þjónustusamning við skrifstofuna sem gildi til eins árs. Þegar honum slepti gekk félagið að fullu inn í skrifstofuna og hefur hún síðan haldist óbreytt hvað aðild félaga varðar. Nafni skrifstofunnar var breytt í Þjónustuskrifstofu FHS árið 2021, sem stendur fyrir „félög háskólamenntaðra sérfræðinga“.

Samstarf stéttarfélaganna fimm sem eiga aðild að Þjónustuskrifstofu FHS hefur verið heillavænlegt félagsstarfi þeirra. Í krafti sameiginlegrar skrifstofu hafa félögin getað haldið út víðtækari þjónustu til félagsfólks en þau hefðu annars getað ein og sér. Á skrifstofunni starfa sérfræðingar með víðtæka reynslu af öllu sem tengist kjaramálum og verkefnum stéttarféлага. Starfsfólkið veitir þjónustu til félagsfólks, sinnir víðtækri réttinda- og hagsmunagæslu, ásamt því að vinna með stjórnnum stéttarfélaganna að gerð kjarasamninga.

Þjónustuskrifstofa FHS hefur stækkað jafnt og þétt frá stofnun. Árið 1999 starfaði einn starfsmaður á skrifstofunni en haustið 2023 störfuðu þar sjö sérfræðingar: Anna S. Ragnarsdóttir skrifstofustjóri, Bragi Rúnar Jónsson fjármálastjóri, Gauti Skúlason verkefnastjóri samskipta og þjónustu, Georg Brynjarsson framkvæmdastjóri, Halldór K. Valdimarsson fráfarandi fjármálastjóri, Hjalti Einarsson verkefnastjóri kjaramála og Júlíana Guðmundsdóttir lögfræðingur.

## Sameiningarviðræður FÍF, Fræðagarðs og SBU 2023

Draumurinn um að sameinast í stórt og öflugt stéttarfélag sérfræðinga er ekki nýr af nálinni og hefur blundað í brjóstum ýmissa síðustu áratugina. Umræður um sameiningu félaganna innan skrifstofunnar hófust fyrst árið 2006, þegar FÍF lagði til að félögin ættu velta fyrir sér að sameinast í stórt stéttarfélag. Ekki rættist úr þeim draumum, en árið 2008 sameinuðust tvö félög innan skrifstofunnar, Félag íslenskra fræða – kjaradeild og Útgarður í stéttarfélagið Fræðagarð. SBU sem tekið hafði þátt í þeim sameiningarviðræðum felldi tillögu um samruna á aðalfundi það árið og FÍF sem sýnt hafði áhuga tók ekki það skref að leggja formlega tillögu fyrir aðalfund sinn.

Óformlegar viðræður milli formanna og stjórna FÍF, Fræðagarðs og SBU hófust aftur veturinn 2022–2023 og sú ákvörðun var tekin að leggja fyrir aðalfundi félaganna þriggja vorið 2023 tillögur þess efnis að hefja formlegar sameiningarviðræður. Tillögur þess efnis voru samþykktar á aðalfundum FÍF 27. febrúar 2023, Fræðagarðs 28. febrúar og SBU 3. mars. Var markmið viðræðnanna að kanna kosti þess að sameinast í nýtt og öflugt stéttarfélag háskólamenntaðra sérfræðinga sem byggi á sterkum og fjölbreyttum grunni ólíkra félaga og væri jafnframt í stakk búið til að takast á við áskoranir á vinnumarkaði framtíðarinnar.

Stjórnir Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins (FHSS) og Stéttarfélags lögfræðinga (SL) sem reka Þjónustuskrifstofu FHS ásamt FÍF, Fræðagarði og SBU tóku þá ákvörðun að leggja ekki fram samsvarandi tillögu á sínum aðalfundum vorið 2023, en óskuðu systurfélögum sínum á skrifstofunni heilla í viðræðunum og óskuðu eftir því að vera upplýst um gang þeirra. Formenn félaganna fimm funduðu 23. mars 2023 og þar kynntu formenn FÍF, Fræðagarðs og SBU samráðsferlið sem framundan væri og óskuðu eftir að nýta starfskraft skrifstofunnar í viðræðunum, gegn því að það kæmi ekki niður á reglulegri starfsemi þjónustuskrifstofunnar og að félögin þrjú bæru allan aukakostnað vegna aukins vinnuframlags starfsfólks. Var það leyfi ljúflega veitt.

Formlegar sameiningarviðræður FÍF, Fræðagarðs og SBU hófust svo formlega 30. mars 2023 þar sem stjórnirnar þrjár samþykktu skipulag starfsins framundan, þar með talið verkáætlun, fjármál og

skipurit. Var það haft að leiðarljósi í verkefninu að viðræðurnar væru málefnalegar og byggðar á vandaðri rannsóknarvinnu, að þær væru unnar á jafningjagrundvelli félaganna og að þær væru gagnsæjar bæði gagnvart félagsfólki félaganna þriggja og einnig gagnvart nánustu samstarfsaðilum félaganna til áratuga, samstarfsfélaga okkar á Þjónustuskrifstofu FHS.

## Norrænar fyrirmyndir

Stjórnir FÍF, Fræðagarðs og SBU leituðu til systrafélaga sinna á Norðurlöndum til að fræðast um áskoranir og tækifæri í kjölfar sameiningar. Skipulögð var fræðsluferð til Stokkhólms þar sem heimsótt voru þrjú stéttarfélög sem öll hafa farið í gegnum sameiningarferli. Stjórnarfolk FÍF, Fræðagarðs og SBU heimsóttu DIK sem varð til úr sameiningu sex fagstéttarfélaga árið 1972; Akavia sem varð til úr sameiningu tveggja fagstéttarfélaga 2020; og Sveriges Lärare sem varð til úr sameiningu tveggja kennarastéttarfélaga 1. janúar 2023.

Formenn FÍF, Fræðagarðs og SBU heimsóttu enn fremur stéttarfélagið DM í Danmörku í fræðsluferð Þjónustuskrifstofu FHS sem farin var haustið 2023. DM hefur mikla reynslu af sameiningarviðræðum og samruna við önnur félög, en frá árinu 2020 hafa fjögur félög runnið inn í það stéttarfélag. Camilla Gregersen formaður DM tók á móti hópnum og sagði frá sameiningarstarfi síðustu ára og Helene Flethøj Thygesen verkefnastjóri sameininga hjá DM hélt svo fyrirlestur um reynslu þeirra af samruna ólíkra félaga inn í DM og lagði þar mikla áherslu á sveigjanleika í ferlinu og að hver sameining væri klæðskerasamuð að þörfum ólíkra hópa og félaga.

Öll félögin á Norðurlöndum greindu frá svipaðri reynslu í kjölfar sameiningar. Yfirgnæfandi ánægja ríkti meðal félagsfólks og starfsfólks eftir sameiningu og meiri slagkraftur í starfi félaganna. Sérstaklega sláandi var hve líkar frásagnir þeirra af áherslumálum, áskorunum, tækifærum og lausnum við uppbyggingu nýrra félaga, bæði frá því félagi sem lengst hafði verið sameinað (DIK, 51 árs gamalt) og því sem hafði sameinast á sama ári og heimsóknin var farin (Sveriges lärare, 8 mánaða gamalt).

## Skipulag sameiningarviðræðna

### Fjármál

Stjórnir FÍF, Fræðagarðs og SBU hittust á fundi 30. mars 2023 og samþykktu skipulag sameiningarviðræðna með það að markmiði að boða aukaaðalfundi á haustmánuðum 2023 þar sem lögð væri fyrir félagsfólk tillaga um sameiningu í stéttarfélag sem tæki til starfa 1. janúar 2024. Enn fremur var samþykkt að greitt væri fyrir allt starf í sameiningarferlinu samkvæmt þóknunareiningum BHM úr sameiginlegum sjóði sem fjármagnaður væri af félögunum þremur hlutfallslega eftir fjölda félagsfólks.

Starfsfólk Þjónustuskrifstofu FHS var öflugur stuðningur í sameiningarferlinu. Leitast var eftir að vinnuframlag þeirra ætti sér stað innan hefðbundins vinnutíma starfsfólks en sameiginlegur sjóður félaganna þriggja bar allan aukalegan launakostnað sem féll á Þjónustuskrifstofuna í þessu ferli. Lögð var áhersla á að vinnuframlag starfsfólks í tengslum við sameiningarferlið kæmi ekki niður á hefðbundnum störfum skrifstofunnar.

## Skipurit

Skipaðir voru fjórir vinnuhópar sem samsettir voru af fulltrúum frá stjórnnum allra þriggja félaganna og fékk hver og einn hópur ákveðið málefni til að vinna að. Þau málefni voru fjármál, stefna og lög félagsins, þjónusta og félagsgæði og ásýnd og kynningarmál. Enn fremur var skipaður framkvæmdarhópur sem skipaður var formönnum félaganna þriggja og framkvæmdastjóra þjónustuskrifstofu FHS. Stjórnir allra þriggja félaganna mynduðu yfirstjórn í sameiningarferlinu.

Yfirstjórn – hópur skipaður stjórnarfólki FÍF, Fræðagarðs og SBU	↔	Framkvæmdarhópur skipaður formönnum FÍF, Fræðagarðs og SBU og framkvæmdastjóra þjónustuskrifstofu FHS
↓	↙	
Vinnuhópar um einstök málefni, skipaðir stjórnarfólki félaganna þriggja, tryggt að fólk úr öllum félögum væri í hverjum hóp		

Lögð var áhersla á gagnsæi og voru öll vinnugögn og fundargerðir hópanna vistuð á sameiginlegu Teams svæði sem allt stjórnarfólk félaganna þriggja hafði aðgang að sem og starfsfólk þjónustuskrifstofunnar.

## Framkvæmdarhópur

Framkvæmdarhópur var skipaður af Brynhildi Heiðar- og Ómarsdóttur formanni FRG, Kristjönu Mjöll Jónsdóttur Hjörvar formanni SBU og Kristmundi Þór Ólafssyni formanni FÍF og var starfsmaður hópsins Georg Brynjarsson framkvæmdastjóri þjónustuskrifstofu FHS. Hópurinn fundaði að jafnaði vikulega, nema á sumarmánuðum.

Helstu verkefni framkvæmdarhópsins voru dagleg umsjón með breytingaferlinu.

Framkvæmdarhópurinn hafði umsjón með fjármálum vegna sameiningarferlisins, þar á meðal að taka við og greiða út tímaskýrslur fulltrúa; tæknilega umsjón með sameiginlegu Teams svæði sameiningarferlisins; umsjón með vinnuhópum, þar á meðal að skrifa erindisbréf vinnuhópa og samstilling milli þeirra. Framkvæmdarhópurinn hafði enn fremur umsjón með upplýsingagjöf til félagsfólks og annarra stéttarféлага innan þjónustuskrifstofu FHS og BHM sem og upplýsingagjöf til viðsemjenda félaganna þriggja. Bar framkvæmdarhópurinn ábyrgð á því að tryggja gott samstarf og samráð á öllum stigum í ferlinu við starfsfólk þjónustuskrifstofu FHS.

Framkvæmdarhópurinn stóð fyrir gagnasöfnun þar sem litið var til reynslu annarra stéttarféлага hér á landi og erlendis um reynslu þeirra af sameiningu og var þar bæði hugað að tæknilegum og formlegum atriðum varðandi sameiningarferlið sjálft en einnig að áskorunum og tækifærum í kjölfar sameiningar. Fundað var með stéttarfélögum sem gengið höfðu í gegnum sameiningu og er sérstaklega hægt að minnst á gagnlegan fund með Örnunni Jakóbínu Björnsdóttur, formanni Kjalara, stéttarfélag starfsmanna í almannaðjónustu, sem varð til við sameiningu fimm stéttarféлага 2004. Arna Jakóbína hefur mikla reynslu af sameiningu stéttarféлага; í kjölfar þessarar upphaflegu sameiningar hafa fimm félög til viðbótar sameinast inn í Kjöl, eitt félag árið 2014 og fjögur félög árið 2021.

Framkvæmdarhópurinn vann að gerð samkomulags félaganna þriggja um sameiningu sem og að skrifum þessarar greinargerðar sem er fylgiskjal þess samkomulags.

Samkomulag um sameiningu FÍF, Fræðagarðs og SBU var undirritað af formönnum félaganna þriggja þann 16. október 2023 og verður lagt til afgreiðslu félagsfólks á aukaaðalfundum sem boðaðir verða á haustmánuðum 2023.

### *Hópur um fjármál*

Formaður var Kristmundur Þór Ólafsson formaður FÍF. Í hópnum sátu einnig Eðvald Einar Stefánsson (Fræðagarður), Helga Kolbeinsdóttir (Fræðagarður) og Óskar Þór Þráinsson (SBU). Starfsmaður var Bragi Rúnar Jónsson fjármálastjóri Þjónustuskrifstofu FHS.

Hópurinn vann að þremur verkefnum: Gerð fjárhagsáætlunar sameinaðs félags, gerð fjárfestingastefnu sameinaðs félags og útreikningar á félagsgjaldi sameinaðs félags. Einnig var sett í hendur hópsins að byrja að teikna upp framtíðarsýn reksturs félagsins.

Hópurinn fór yfir þjónustu sem félögin þrjú veita nú til félagsfólks og kostnað vegna þeirrar þjónustu og teiknaði upp ólíkar sviðsmyndir fyrir næstu árin hvað varðar kostnað við þjónustu og rekstur nýs félags, hvort sem litið er á óbreytt þjónustustig eða bættu þjónustu. Eftir þessa útreikninga og eftir samanburð við félagsgjöld sambærilegra stéttarféлага á Íslandi er það tillaga hópsins að félagsgjald sameinaðs félags verði 0,95%, sem er samsvarandi félagsgjöldum hjá Fræðagarði og FÍF og aðeins lægra en félagsgjald hjá SBU sem nú er 1%. Þetta félagsgjald tryggir sameinuðu stéttarfélagi öruggan rekstrargrundvöll til að bæta þjónustu við félagsfólk og efla kjarasjóð félagsins til að standa straum af framtíðaraðgerðum á vinnumarkaði.

Í kjölfarið teiknaði hópurinn upp fjárhagsáætlun til þriggja ára og vann drög að fjárfestingarstefnu sameinaðs félags. Þessum áætlunum er vísað til meðferðar stjórnar sameinaðs félags á fyrsta starfsári félagsins.

### *Hópur um lög og stefnu*

Formaður var Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir formaður Fræðagarðs. Í hópnum sátu einnig Guðjón Hauksson (FÍF), Kristín Arnórsdóttir (FÍF), Ragna Björk Kristjánsdóttir (SBU) og Sunna Arnardóttir (Fræðagarður). Starfsmenn voru Júlíana Guðmundsdóttir lögfræðingur Þjónustuskrifstofu FHS og Hjalti Einarsson verkefnastjóri kjaramála hjá Þjónustuskrifstofu FHS.

Hópurinn vann að þremur verkefnum: skrif á lögum sameinaðs félags, skrif á stefnu sameinaðs félags og skipulag stefnumótunarþings.

Lög sameinaðs félags byggja á lögum félaganna þriggja sem að sameiningunni standa en lög félaganna voru samhljóða í mörgum tilvikum. Helstu breytingar sem lagðar eru til fyrir nýtt félag eru skýrari lagagreinar sem fjalla um starfsemi faghópa og kjaradeilda innan félagsins og breytingar sem varða kjör á embættum innan stjórnar en hópurinn leggur til að teknar verði upp fléttukosningar til stjórnar nýs félags til að efla jafnræði kynjanna. Lögin voru send út í yfirlestur til Andra Vals Ívarssonar lögmanns BHM og Óla Jóns Jónssonar ritstjóra og verða lögð til afgreiðslu á aukaaðalfundi Fræðagarðs á haustmánuðum 2023.

Drög að stefnu sameinaðs félags voru unnin eftir yfirferð á stefnum heildarsamtaka á Íslandi og annarra stéttarféлага. Hópurinn skrifaði drög að stefnu í fjórum málaflokkum: Vinnumarkaður, jafnrétti, umhverfismál og menntun og fræðsla. Hópurinn skipulagði enn fremur opið



stefnumótunarþing sem haldið var 16. september 2023 þar sem félagsfólki FÍF, Fræðagarðs og SBU gafst tækifæri til að koma að stefnu nýs félags og voru drög hópsins lögð til grundvallar í þeirri vinnu. Á stefnumótunarþinginu kom félagsfólk með breytingartillögur á stefnunni og frekari hugmyndir um stefnu sameinaðs félags. Athugasemdum og hugmyndum sem komu frá félagsfólki á stefnumótunarþingi var safnað saman og vísað til frekari meðferðar hjá stjórn sameinaðs félags sem mun ljúka stefnumótunarvinnunni á fyrsta starfsári sínu.

### *Hópur um ásýnd og kynningarmál*

Formaður var Steindór Gunnar Steindórsson varaformaður FÍF. Í hópnum sátu einnig Andrés Erlingsson (Fræðagarður), Gustav Pétursson (FÍF), Ingibjörg Ösp Óttarsdóttir (SBU), Inga María Leifsdóttir (Fræðagarður) og Sigrún Einarsdóttir (Fræðagarður). Starfsmaður var Gauti Skúlason verkefnastjóri samskipta og þjónustu hjá Þjónustuskrifstofu FHS.

Vinnuhópi um ásýnd og kynningarmál var ætlað að setja saman kynningaráætlun fyrir þann tíma sem aðildarviðræðurnar standa, leita uppi hentuga auglýsingastofu/hönnunarstofu sem gæti unnið mörkun fyrir nýtt stéttarfélag sem og unnið með því stéttarfélagi í áframhaldandi kynningarstarfi. Þá var hópnum falið að leggja til, í samstarfi við þá stofu sem yrði fyrir valinu, nafn á félagið sem og mörkun. Að lokum kæmi vinnuhópurinn með tillögu að kynningaráætlun, þ.e.a.s. ef aðalfundur félaganna samþykkja sameiningu, sem færi þá af stað með nýju stéttarfélagi.

Hvað varðar kynningaráætlun þá skiptist hún í tvennt, þ.e. fyrir og eftir sameiningu og þá stofnun nýs stéttarfélags. Hópurinn lagði til áætlanir og hugmyndir til að upplýsa félagsfólk um ferlið, hvar það stæði hverju sinni, þróun viðræðna og skipulag funda og ráðstefna, til að viðhalda gagnsæjum og lýðræðislegum vinnubrögðum sem lagt var upp með frá upphafi. Kynningaráætlunin eftir sameiningu einkenndist hins vegar af því að kynna sameinað stéttarfélag þar sem áherslur, stefnur og þjónusta eru í fyrirrúmi. Þegar nýtt sameinað félag lítur dagsins ljós er ekki óeðlilegt að það veiki athygli og fái talsverða umfjöllun. Þá öldu ráðlagði hópurinn að félagið nýtti sér eins lengi og unnt væri en láta svo auglýsingarherferð fylgja í kjölfarið út fyrsta starfsárið.

Strax í upphafi voru vefsíður félaganna teknar út fyrir sviga. Þær eru allar keyrðar á sama bakenda, í þjónustu hjá Hugsmiðjunni en af því fyrirtæki hefur þjónustuskrifstofan góða reynslu. Það þótti því klókt að nýta þá góðu reynslu og byggja á því sem áður hafði verið fjárfest í. Ný heimasíða sameinaðs stéttarfélags verður því hýst og gerð af Hugsmiðjunni byggð á grunni þriggja heimasíðna með þeirri uppfærslu og nýrri mörkun sem þörf krefur.

Hópurinn leitaði til fimm auglýsingastofa og tveggja hönnunarstofa. Vinnuhópurinn fól formanni hópsins ásamt starfsmanni að funda með þessum mögulegum samstarfsaðilum og horft var til þátta eins og skilnings hugsanlegs samstarfsaðila á verkefninu, orðspors, fyrri verkefna, verðtilboðs, lykilstarfsmanna innan fyrirtækis, verðlauna og samskipta í heildarferlinu. Það var svo í höndum alls vinnuhópsins að gefa endanlegt samþykki á valinu en það varð auglýsingastofan Hér & Nú sem var valin.

Hér & Nú vann náíð með ásýndar- og kynningarhóp við gerð nafns nýs félags sem kynnt var fyrir yfirstjórn 20. september 2023 og var samþykkt samhljóma: **VISKA**.

Hér & Nú var einnig falið að vinna að mörkun félagsins, þ.e. liti, merki, letur og leiðbeiningar fyrir efnissköpun ýmiskonar sem kynnt verður félagsfólki þegar ný vefsíða lítur dagsins ljós í upphafi árs 2024.



## Hópur um þjónustu og félagsgæði

Formaður var Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar formaður SBU. Í hópnum sátu einnig Ester Ósk Traustadóttir (FÍF), Íris Halla Guðmundsdóttir (Fræðagarður), Linda Björk Markúsardóttir (Fræðagarður) og Þóra Jónsdóttir (SBU). Starfsmenn voru Gauti Skúlason verkefnastjóri samskipta og þjónustu og Halldór K. Valdimarsson fjármálastjóri hjá Þjónustuskrifstofu FHS.

Vinnuhópi um þjónustu og félagsgæði var falið það verkefni að greina þá þjónustu sem félögin veita félagsfólki sínu nú þegar en einnig að koma með tillögur að nýrri þjónustu sem nýtt sameinað félag gæti veitt. Við greiningu á þjónustunni sem félögin veita nú þegar var stuðst við ýmis gögn, m.a. vinnugögn og stefnu þjónustuskrifstofunnar, vefsíður félaganna en einnig þekkingu og reynslu starfsfólks þjónustuskrifstofu FHS. Farið var í ýmsa hugmyndavinnu til að fá tilfinningu fyrir hvernig nýtt félag gæti skapað sér sérstöðu með því að veita nýja og öðruvísi þjónustu. Farið var í hugarflug, fyrst innan vinnuhópsins sjálfs og svo með öllu stjórnarfólki félaganna þriggja og starfsfólki þjónustuskrifstofunnar á vinnufundi yfirstjórnar sem haldinn var í apríl 2023. Einnig voru hugmyndir fengnar frá öðrum stéttarfélögum, hér á landi sem erlendis. Sérstaklega var horft til sambærilegra stéttarféлага á Norðurlöndunum sem hafa markað sér sérstöðu í sínu heimalandi og verið framúrskarandi í þjónustu sinni við félagsfólk sitt.

Hugmyndir sem komu fram á vinnufundinum í apríl sem og þær hugmyndir sem fengust við greiningu á þjónustu annarra stéttarféлага voru flokkaðar og greindar niður í þjónustu sem raunhæft væri að nýtt félag veitti. Enn fremur greindi hópurinn þau málefni sem hann taldi æskilegt að nýtt félag beitti sér fyrir að aðrir aðilar veittu, svo sem BHM eða aðrir utanaðkomandi aðilar.

Afurð þessarar vinnu var skýrslan *Þjónusta og félagsgæði: skýrsla vinnuhóps um þjónustu og félagsgæði*. Í henni er settur fram listi yfir þær hugmyndir að þjónustu sem hópurinn taldi æskilegt og gerlegt að nýtt félag myndi veita. Skýrslan er lifandi plagg, hugsuð sem veganesti fyrir stjórn og starfsfólk sameinaðs félags við skipulagningu og vinnu á nýrri þjónustu en jafnframt getur hún nýst við endurbætur á þjónustu sem er nú þegar til staðar.

## Tímalína sameiningarviðræðna

### *Febrúar og mars 2023. Aðalfundir FÍF, Fræðagarðs og SBU*

Á aðalfundum félaganna þriggja í febrúar og mars 2023 var samþykkt tillaga þess efnis að gengið yrði til viðræðna við önnur félög háskólamenntaðs fólks um sameiningu. Samþykkti aðalfundur FÍF tillöguna 27. febrúar, Fræðagarður 28. febrúar og SBU 3. mars. Markmið viðræðnanna var að kanna kosti þess að sameinast í nýtt og öflugt stéttarfélag háskólamenntaðra sérfræðinga sem byggji á sterkum og fjölbreyttum grunni ólíkra féлага og væri jafnframt í stakk búið til að takast á við áskoranir á vinnumarkaði framtíðarinnar.

### *30. mars 2023. Fundur yfirstjórnar*

Stjórnir allra félaganna funduðu sem yfirstjórn sameiningarferilsins. Yfirstjórn samþykkti samhljóða skipulag sameiningarferlisins og skipti sér niður í vinnuhópa.

## 22. apríl 2023. Fundur yfirstjórnar

Yfirstjórn og starfsfólk þjónustuskrifstofu FHS fundaði á Hótel Örk í Hveragerði. Guðrún Ragnarsdóttir frá Strategíu var fundarstjóri. Dagskrá var eftirfarandi:

- 10:30–11:20 Kynning á vinnu Fræðagarðs um aukna þjónustu á sviði tryggingamála
- 11:20–11:40 Stóra myndin – tækifæri sameinaðs félags til framtíðar – Georg Brynjarsson
- framkvæmdastjóri FHS
- 11:40–12:00 Ávarp Friðriks Jónssonar, formanns BHM
- 12:10–13:00 Hádegismatur
- 13:00–14:00 Hver eru helstu tækifæri og áskoranir í ytra umhverfi stéttarfélaganna?
  - HópaVinna – hópar kynna niðurstöður (3 mín. max)
- 14:00–15:00 Hver er helsti ávinningur félagsmanna af sameiningu stéttarfélaganna þriggja?
  - Búa til lyfturæðuna – hópaVinna – hópar kynna niðurstöður (3 mín. max)
- 15:00–15:15 Kaffipása
- 15:15–16:15 Hvaða áherslur vilja fundarmenn koma á framfæri við vinnuhópana?
  - Fjármál – Lög og stefna – Ásýnd og kynningarmál – Þjónusta og félagsgæði
  - Formenn vinnuhópanna taka á móti ábendingum og kynna í lokin (3 mín. max)
- 16:15–16:45 Hvað á nýtt félag að heita? – hugarflug með viðkomu áður á barnum
- 17:00–19:00 Frjáls tími
- 19:00 Kvöldverður og gisting

## Apríl til september 2023. Hópastarf

Á þessu tímabili var helsta vinnan í sameiningarferlinu fólgin í starfi vinnuhópanna fjögurra sem og framkvæmdarhóps. Vinnuhóparnir funduðu eftir þörfum og unnu jafnt og þétt að verkefnum sínum. Framkvæmdarhópur fundaði að jafnaði vikulega og sinnti m.a. sínu hlutverki að miðla upplýsingum á milli hópanna allra og hafa yfirsýn yfir starf þeirra.

## 30. ágúst til 2. september. Fræðsluferð yfirstjórnar til Stokkhólms

Yfirstjórn og starfsfólk þjónustuskrifstofu FHS ferðuðust til Stokkhólms til að hitta stéttarfélög sem farið höfðu sjálf í gegnum sameiningu. Tilgangurinn var að fræðast um helstu tækifæri og áskoranir sem félögin höfðu upplifað í sameiningarferli sínu sem og í starfi þeirra eftir að formlegri sameiningu lauk. Einnig var fræðst um þá þjónustu sem félögin bjóða upp á og innra skipulag þeirra.

Heimsótt voru stéttarfélögin DIK, þar sem Anna Troberg formaður, Johanna Alm Dahlin verkefnastjóri rannsókna og tölfræði tóku á móti hópnum; Akavia þar sem Magnus Hedberg framkvæmdastjóri tóku á móti hópnum; Sveriges Lärare þar sem Åsa Fahlén formaður og Ina Eriksson alþjóðafulltrúi tóku á móti hópnum; og SACO – heildarsamtök háskólafélags þar sem Anna Koppberg samskiptastjóri og Jakob Ohlsson herferðarstjóri hjá hugmyndastofunni Reform Society tóku á móti hópnum.

## 1. september 2023. Fundur yfirstjórnar

Yfirstjórn fundaði í fundarsal SACO þar sem formenn vinnuhópa kynntu afurðir hópastarfs síðustu mánaða og rædd voru næstu skref í sameiningarferlinu í ljósi nýrrar þekkingar og hugmynda sem kviknuðu í heimsóknum til sænskra stéttarfélaganna sem gengið hafa í gengum sameiningu í fræðsluferðinni.

## 16. september 2023. Opið stefnumótunarþing

Opið stefnumótunarþing var haldið á Hilton Nordica Reykjavík fyrir félagsfólk félaganna þriggja þar sem farið var yfir stefnu nýs félags, byggðri á drögum sem vinnuhópur um lög og stefnu vann. Fundarstjóri var Guðrún Ragnarsdóttir ráðgjafi hjá Strategíu. Dagskráin var eftirfarandi:

- 10:00–10:15: Fundarstjóri opnar þingið og ávörp frá formönnum FÍF, Fræðagarðs og SBU
- 10:15–12:00: Hópvænna
  - Vinnumarkaður
  - Jafnrétti
  - Umhverfismál
  - Menntun og fræðsla
- 12:00–12:45: Hádegismatur
- 12:45–13:30: Sameinað þing, farið yfir niðurstöður hópastarfs og kosið um drög að stefnu
- 13:30–13:50: Sameinað þing ræðir áherslur nýs félags
- 13:50–14:00: Þinginu slitið

Stjórn sameinaðs félags er falið það verkefni að vinna áfram með drög að stefnu félagsins.

## 20. september 2023. Fundur yfirstjórnar, nýtt nafn kynnt og samþykkt

Þann 20. september fékk yfirstjórn kynningu á nýju nafni félagsins frá auglýsingastofunni Hér & Nú sem vann náið með ásýndar- og kynningarhóp við gerð nafns, vörumerkis o.fl. Nafnið var samþykkt samhljóma á fundinum og vakti mikla lukku. **Hið nýja stéttarfélag heitir Viska.**

## 16. október 2023. Stjórnir félaganna funda

Stjórnir FÍF, Fræðagarðs og SBU hittust á stjórnarfundum og afgreiddu samkomulag um sameiningu í stéttarfélagið Visku, lög að sameinuðu félagi Visku, enn fremur fundarboð á aukaaðalfundi félaganna þar sem sameining er borin undir félagsfólk.

Sú ákvörðun var tekin að þrátt fyrir að systurfélög innan Þjónustuskrifstofu FHS tækju ekki þátt í viðræðunum árið 2023 stæði þeim til boða að gerast stofnaðilar að nýju félagi svo lengi sem þau sameinast inn í félagið fyrir fyrsta aðalfund félagsins 2025 og er það ritað inn í bráðabirgðaákvæði við lög Visku.

## 16. október 2023. Samkomulag undirritað

Formenn Félags íslenskra félagsvísindamanna, Fræðagarðs og Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga undirrituðu samkomulag félaganna þriggja um sameiningu á sameiginlegum fundi stjórnanna þriggja og var starfsfólki Þjónustuskrifstofu FHS boðið að mæta á þann fund.

## Október og nóvember 2023. Aukaaðalfundir FÍF, Fræðagarðs og SBU

Fræðagarður heldur aukaaðalfund 31. október 2023 þar sem borin er upp sú tillaga að Fræðagarður breyti lögum sínum og nafni í lög og nafn sameinaðs félags.

FÍF heldur aukaaðalfund 1. nóvember 2023 og SBU heldur aukaaðalfund 2. nóvember þar sem lagðar eru fram samhljóða tillögur um að félög þeirra sameinist inn í stéttarfélagið Visku.

## 1. janúar 2024. Bókhaldsleg sameining

Ef sameining er samþykkt á aukaaðalfundum félaganna þriggja í október og nóvember 2023 stendur til að bókhaldsleg sameining félaganna þriggja taki gildi 1. janúar 2024.

## 2024–2025. Viska vinnur að áframhaldandi uppbyggingu á þjónustu

Stéttarfélagið Viska starfar á fyrsta ári samkvæmt bráðabirgðaákvæðum í lögum sínum þar sem starfsstjórn er skipuð stjórnarfólki stofnfélaga og framkvæmdastjórn er skipuð formönnum stofnfélaga. Ekki er gengið til kosninga fyrr en vorið 2025 þegar kosið er um öll embætti í Visku, formann, stjórnarfolk og varamenn í stjórn.

Starfsstjórn og framkvæmdastjórn á fyrsta starfsári félagsins tryggir að sú þekking og reynsla sem stofnfélögin hafa aflað sér síðustu áratugina skili sér inn í starfsemi Visku og að þær áætlanir og hugmyndir sem kviknuðu í sameiningarferlinu fái framgang í félagsstarfinu.

## Framkvæmd sameiningar

Það er ekki á hverjum degi að unnið sé að sameiningu á stéttarfélögum hér á landi en það er mat formanna FÍF, Fræðagarðs og SBU að sameining stéttarféлага í stærri og öflugri félög séu verkalýðshreyfingunni og íslenskum vinnumarkaði til heilla.

Þegar kom að því að fara yfir tæknilega framkvæmd á sameiningu stéttarféлага var ákveðið að leita eftir ráðgjöf hjá formanni þess stéttarfélags á Íslandi sem hvað víðtækasta reynslu hefur af sameiningu, Örnur Jakobínu Björnsdóttur formanns Kjalar, stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu.

Kjölur, stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu, varð til við sameiningu Félags opinberra starfsmanna í Húnavatnssýslum, Starfsmannafélags Akureyrarbæjar, Starfsmannafélags Borgarbyggðar, Starfsmannafélags Dalvíkurbyggðar og Starfsmannafélags Siglufjarðarkaupstaðar, árið 2004. Í kjölfar þeirrar sameiningar hafa fleiri félög runnið inn í Kjöl. Starfsmannafélag Skagafjarðar sameinaðist þeim árið 2014 og árið 2021 sameinuðust fjögur félög til viðbótar inn í Kjöl: Starfsmannafélag Fjarðarbyggðar, Starfsmannafélag Dala og Snæfellssýslu, Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum og Starfsmannafélag Fjallabyggðar.

Arna Jakobína sagði frá aðdraganda sameiningarinnar 2004 og upplýsti okkur um hvernig staðið var félagspólitískt að sameiningunni, frá samkomulagi um sameiningu sem formenn stéttarféлага undirrituðu í aðdraganda aðalfunda og frá fundardagskrá aðalfunda sem tóku til afgreiðslu formlegrar tillögu um sameiningu. Arna Jakobína fór enn fremur yfir tæknileg formsatriði í kjölfar sameiningar, svo sem tilkynningar til launagreiðenda og annarra hagsmunaaðila.

Þau stéttarfélög sem sameinuðust inn í Kjöl árið 2004 skiluðu gögnum sínum á viðeigandi héraðsskjalasöfn til varðveislu. Í kjölfar fundarins með Örnur Jakobínu var því leitað til Héraðsskjalasafns Akureyrar og Héraðsskjalasafns Borgarfjarðar til að fá fundargögn aðalfunda Starfsmannafélags Akureyrar og Starfsmannafélags Borgarbyggðar árið 2004, til að fara yfir orðalag formlegra tillagna um samruna sem voru lagðar fram á aðalfundum þessara tveggja félaga.

Reyndist reynsla Örnur Jakobínu okkur ómetanleg en samkomulag formannanna sem fóru í sameiningarferli við stofnun Kjalar og þær tillögur sem lagðar voru fyrir aðalfundi ólíkra félaga árið



2004 eru fyrirmynd að samkomulagi formanna um sameiningar FÍF, Fræðagarðs og SBU og að tillögum sem lagðar verða fyrir aukaaðalfundi félaganna þriggja haustið 2023.

Félagspólítísk framkvæmd sameiningar Félags íslenskra félagsvísindamanna, Fræðagarðs og Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga er í stuttu máli eftirfarandi:

### *1. Umboð fengið frá félagsfólki*

Félögin leituðu umboðs félagsfólks síns um að hefja sameiningarviðræður en tillaga um að hefja sameiningarviðræður var samþykkt á aðalfundum FÍF, Fræðagarðs og SBU í febrúar og mars 2023.

### *2. Sameiningarviðræður*

Stjórnir félaganna ásamt starfsfólki ákveða línurnar um samþykktir og starfsemi sameinaðs félags eins og greint er frá í þessari greinargerð.

### *3. Formenn undirrita samkomulag um sameiningu*

Félögin gera með sér samkomulag um sameiningu sem formenn undirrituðu fyrir hönd félagsins 16. október 2023 (það samkomulag sem þessi greinargerð fylgir).

### *4. Tillaga um sameiningu lögð fyrir aukaaðalfundi félaganna*

Félögin boða aukaaðalfundi haustið 2023 og leggja samkomulag um sameiningu til afgreiðslu aukaaðalfundar og fylgir þessi greinargerð með fundargögnum.

Stærsta félagið heldur aukaaðalfund sinn fyrst og leggur enn fremur fram tillögu að breyta nafni sínu í nafn nýs félags og lögum sínum í lög nýs félags.

Í kjölfarið halda minni félögin sína aðalfundi og leggja fram tillögur að sameinast í nýtt félag á grundvelli samkomulags um sameiningu.

### *5. Félagstjórn fyrsta árið*

Samanber bráðabirgðaákvæði í lögum Visku teljast félög innan Þjónustuskrifstofu FHS sem ganga inn í félagið fyrir fyrsta aðalfund þess 2025 stofnfélög. Fyrsta starfsárið verður starfsstjórn skipuð stjórnarfólki allra stofnfélaga. Einnig verður starfandi framkvæmdastjórn skipuð formönnum stofnfélaga. Almennt stjórnarkjör fer svo fram í Visku samkvæmt lögum félagsins fyrir fyrsta aðalfund árið 2025 en þá er kosið í öll embætti.

## Skipulag og starfsemi Visku fyrsta árið

### Réttindi félagsfólks

Félagsfólki hinna sameinuðu félaga verður tryggt að félagstími þeirra hjá núverandi félagi flytjist til nýs félags eins og um samfellda félagsaðild hafi verið að ræða. Þess skal gætt að fullt samræmi verði milli réttinda alls félagsfólks í sameinaða félaginu. Félögin tilheyra öll BHM og viðheldur félagsfólk réttindum sínum í sjóðum bandalagsins.

Nýtt félag tekur yfir kjarasamningsgerð félaganna við viðsemjendur þeirra.

## Starfsemi nýs félags

Viska tekur yfir alla starfsemi hinna félaganna, þar með talið eignir þeirra og skuldir. Öll félögin eiga eignarhlut í húsfélaginu Borgartúni 6 þar sem BHM og önnur aðildarfélög bandalagsins reka skrifstofur og er eignarhlutur sameinaðs félags 16,27%. Sjóðir félaganna verða sameinaðir og mun nýtt félag reka vísindasjóð, kjarasjóð og eftir atvikum fleiri sjóði. Kennitala og stéttarfélagsnúmer Fræðagarðs verður kennitala og stéttarfélagsnúmer Visku en vöxturinn er mestur í Fræðagarði í þeim þrem félögum sem standa að sameiningu og mikil verðmæti fólgin í því. Leitast verður við að kennitölur frá öðrum félögum lifi áfram, t.d. í sjóðum sameinaðs félags. Stefnt er að því að bókhaldsleg sameining félaganna þriggja taki gildi 1. janúar 2024.

Félögin þrjú reka saman þjónustuskrifstofu FHS í samstarfi við Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins (FHSS) og Stéttarfélag lögfræðinga (SL) en þar starfa sjö starfsmenn. Sameinað félag tekur yfir hlut félaganna þriggja í rekstri þjónustuskrifstofunnar. Fræðagarður hefur tvo starfsmenn, starfandi formann og verkefnastjóra og flytjast þeir yfir í sameinað félag.

## Starfsstjórn

Kosning til stjórnar í Visku er rafræn meðal alls félagsfólks Visku. Fyrst er gengið til kosninga árið 2025 en fram að þeim tíma er starfandi starfsstjórn sem ætlað er að innleiða samruna félaganna skipuð stjórnarfólki allra félaga sem að sameiningu standa, sbr. bráðabirgðarákvæðum 30 og 31 í lögum Visku. Stjórn Visku 2024 til 2025 samanstendur af aðalmönnum og varamönnum sem eru aðal- og varamenn í stjórnnum stofnfélaga. Hætti aðalmaður úr stjórn félagsins á tímabilinu, skal varamaður hans úr stjórn fyrri félags taka hans sæti á kjörtímabilinu.

Á tímabilinu 2024 til 2025 skal enn fremur starfa tímabundin framkvæmdastjórn sem samanstendur af formönnum stofnfélaga og gegnir formaður Fræðagarðs embætti formanns nýs félags, formaður FÍF embætti varaformanns og formaður SBU embætti gjaldkera. Á aðalfundi 2025 er kosið í öll embætti stjórnar, þar á meðal formanns, sbr. bráðabirgðarákvæði 31 í lögum nýs félags.

## Verkefni sem bíða stjórnar nýs félags

Sameiningarferlið gekk ljómandi vel fyrir sig en ákveðið var að vísa ýmsum ákvörðunum og verkefnum til stjórnar Visku. Verkefni sem yfirstjórn sameiningarferlisins vísar til stjórnar nýs félags eru eftirfarandi:

### *Ytri stefnumótun*

Opið stefnumótunarþing var haldið á Hilton Nordica Reykjavík fyrir félagsfólk FÍF, Fræðagarðs og SBU þar sem rætt var um stefnu Visku. Fór félagsfólk yfir drög að stefnu sem unnin var af vinnuhópi um lög og stefnu og kom með breytingartillögur og hugmyndir. Lagt er í hendur stjórnar Visku að vinna upp úr hugmyndum og ábendingum stefnumótunarþings og fullmóta stefnu sem lögð verður fyrir fyrsta aðalfund félagsins 2025.

### *Innri stefnumótun*

Stjórn Visku þarf að móta framtíðarstefnu hvað varðar rekstur þjónustuskrifstofu og samstarf þar að lútandi. Enn fremur þarf að móta framtíðarsýn um starfsmannamál, þar með talið deildaskiptingu og verkskiptingu innan skrifstofunnar, sérstaklega með tilliti til þess að líklegt er að Viska þurfi að fjölga starfsfólki hratt og vel í ljósi fjölgunar félagsfólks og áætlana um bættu þjónustu.

## *Framtíðarhúsnæði*

Fjölgun starfsfólks kallar á aukið skrifstofurými og þarf nýtt félag að taka afstöðu til húsnæðismála en mikilvægt er að framtíðarhúsnæði sé félaginu til sóma, góður vinnustaður fyrir starfsfólk og góður fundarstaður fyrir félagsfólk.

## *Þjónusta, samskipti og samstarf*

Stjórn Visku þarf að halda áfram vinnu við að betrumbæta þjónustu við félagsfólk og hafa þar til hliðsjónar skýrsluna *Þjónusta og félagsgæði: skýrsla vinnuhóps um þjónustu og félagsgæði*.

Stjórn Visku þarf að byggja upp öflugt samskiptastarf, svo sem með framkvæmd rannsókna og útgáfu skýrslna, greinaskrifum í fjölmiðla, skrifum á umsögnum um lagafrumvörp og önnur stefnumótandi skjöl.

Enn fremur er æskilegt að stjórn Visku vinni að tengslamyndun við hliðstæð stéttarfélög hér á landi sem og á Norðurlöndum.

## *Mótun kjaradeilda, faghópa og fulltrúaráðs*

Hjartað í félagsstarfi Visku er starfsemi sjálfstæðra kjaradeilda og faghópa en fulltrúar þeirra skipa fulltrúaráð Visku. Aðeins Fræðagarður hefur reynslu af því að halda utan um starf faghópa en ekkert af félögum þremur hefur reynslu af rekstri kjaradeilda. Stjórn Visku býður það verkefni að móta verklag í kringum starfsemi kjaradeilda sem fjalla um réttindi og kjör félagsfólks á sínu sviði, standa fyrir fræðslu og eru stjórn félagsins til ráðgjafar.

## *Starfs- og verklagsreglur*

Stjórn Visku þarf að setja sér og félaginu ýmsar starfs- og verklagsreglur. Reglur sem ný stjórn ber að huga að á fyrsta starfsári sínu eru t.d.:

- Siðareglur
- Persónuverndarreglur
- Starfsreglur stjórnar
- Starfsreglur kjörstjórnar
- Verklagsreglur um kjaradeildir
- Starfsreglur faghópa
- Þóknunarreglur fyrir trúnaðarstörf
- Verklagsreglur um styrkveitingar til félagsfólks
- Verklagsreglur um umhverfismál
- Verklagsreglur um málaferli fyrir hönd félagsfólks
- Verklagsreglur um framkvæmd atkvæðagreiðslna um verkföll